

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	5. febrúar 2024	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	TEAMS			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Helga Þórisdóttir (HP), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 5. febrúar 2024

1. Fundargerð stjórnarfundar 8. janúar 2024

Fundargerð stjórnarfundar 8. janúar síðastliðinn var samþykkt.

2. Félagsfundir og fræðslustarf

Eftirfarandi er í farvatninu:

- Morgunfundur 27. febrúar nk. þar sem sjónum verður beint að áskorunum gervigreindar frá sjónarhóli tækni, lögfræði og siðfræði.
- Fræðslufundur á TEAMS um ábyrgð forstöðumanna í opinberri skjalavörslu. 13. mars næstkomandi. Sérfræðingar frá Þjóðskjalasafni munu fræða félagsmenn um alla helstu þætti ábyrgðarinnar samkvæmt lögum sem gilda þar um.
- Morgunverðarfundur í samvinnu FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í HÍ í apríl. Dagskrá er í mótun.
- Fundur um óstaðbundin störf í samvinnu við framkvæmdahóp stjórnvalda um óstaðbundin störf. Tímasetning óljós enn sem komið er.

Umræður um fyrirkomulag funda, kostnað og fleira.

3. Aðalfundur

Ákveðið að aðalfundur ársins 2024 verði haldinn fimmtudaginn 16. maí nk. eftir hádegi. Einnig ákveðið að halda málstofu áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast. AH mun hafa samband við kjörnefnd vegna stjórnarkjörs og annast aðra skipulagningu.

4. Starfsumhverfi forstöðumanna

- Formaður greindi frá því að fyrirhuguðum fundi í forsætisráðuneytinu með starfshópi um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna hefði verið aflýst og ekki ljóst hvort af þeim fundi yrði. Hún hefði því engar upplýsingar um hvort leitað hefði verið eftir sjónarmiðum forstöðumanna eins og henni var tjáð að til stæði að gera eftir fund hennar með hópnum í október sl.
- Undir lok ársins 2023 skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem m.a. er falið það verkefni að leggja mat á gildandi fyrirkomulag á ákvörðun launa forstöðumanna með tilliti til mögulegra breytinga á því og þá hvernig því verði vel fyrir komið og það verði í traustu horfi til framtíðar. Stjórnin er sammála um mikilvægi þess að samráð verði haft við félagið og félagsmenn í þeirri vinnu sem fram undan er. Ákveðið að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við KMR.
- AH gerði grein fyrir stöðunni á vinnu Trausta Fannars Valssonar, dósent við Lagadeild HÍ um samanburð á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi annars vegar og í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hins vegar.

5. Starfsreglur stjórnar

AH og EÝG gerðu grein fyrir stöðunni og gera ráð fyrir að leggja fram tillögur á næsta fundi.